

Ed. **23. Frumvarp til laga** [23. mál]
um breyting á lögum nr. 63 28. nóv. 1919, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962.)

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Nú er beiðzt þinglýsingar á skjali, er varðar afhending eigna, sem leyfis þarf til samkvæmt 1. gr., og er eigi sannað, að leyfis sé aflað. Skal þá synja þinglýsingar, unz sönnur eru færðar á, að leyfi sé veitt.

2. gr.

Orðin „borizt skýrsla samkv. 3. gr., eða hefir á annan hátt“ í upphafi 4. gr. sömu laga falli brott.

3. gr.

4. gr. 2. málsg. orðist svo:

Ákvörðun sinni um þetta efni lætur ráðherra þinglýsa á varnarþingi fasteignar svo fljótt sem unnt er.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1964.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er flutt samfara frv. til laga um þinglýsingar. Í því frv. er reynt að sporna við því, að skjölum sé þinglýst með því að rita á þau athugasemdir um agnúa, sem eru á þeim. Er lagt til í frv. þessu, að lögum nr. 63/1919 verði breytt til samræmis við þær tillögur, sem felast í framangreindu lagafrumvarpi um þinglýsingar.